

## Umsögn á samráðsgátt

Í kjölfar minnisblaðs frá 24. janúar 2020 var tillaga Menntamálastofnunar um að námslok félagsliða verði færð af 2. hæfniprepi á 3. hæfniprep birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í 3 vikur frá 7.-28. febrúar 2020. Alls bárust 24 umsagnir sem allar voru jákvæðar en 6 aðilar höfðu áhyggjur af framkvæmd.

Meginástæða breytinganna eru þær auknu kröfur sem gerðar eru til félagsliða frá því að námslok voru ákvörðuð á 2. þrep árið 2011. Gerð er aukin krafa um hæfni í starfi félagsliða s.s. dýpkun faglegra þátta og aukin sjálfstæðis í starfi þannig að félagsliðar axli meiri ábyrgð á stjórnun, framkvæmd og eftirliti með félagslegri umönnun og geti miðlað flóknari upplýsingum til fjölbreyttari hópa.

Ljóst er að við breytinguna þarf að vinna nýja námsbrautarlýsingu innan framhaldsskólans og fara yfir það starfstengda nám sem kennt hefur verið innan framhaldsfræðslunnar til þess annars vegar að sú inngönguleið sé fullorðnum nemendum áfram greið og hins vegar að það nám fái stíllilega metið til námsloka á 3. þrepi. Þar sem hugmyndin um að færa nám félagsliða upp um þrep er ekki ný af nálinni eru til drög að nýrri námskrá hjá Borgarholtsskóla sem sammælast þarf um og staðfesta. Aðlaga þarf það nám sem kennt hefur verið innan framhaldsfræðslunnar að nýrri námskrá m.t.t. stíganda og samfelli í námi.

Í megindráttum hafa verið tvær inngönguleiðir inn í félagsliðanám. Annars vegar með námi í framhaldsskóla og þar hefur Borgarholtsskóli verið leiðandi með bæði dagskóla og dreifnám og hins vegar með námi í símenntunarmiðstöðvum sem byggir á námskrá um félagsliðabru sem var skrifuð fyrir gildistöku laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sú námskrá hefur ekki verið uppfærð miðað við núverandi kröfur og þarfnast endurskoðunar. Gera má ráð fyrir að eftirspurn eftir félagsliðum eigi eftir að aukast í ljósi fjölbreyttrar þjónustu innan heilbrigðis- og velferðarkerfis. Mikill fjöldi hefur útskrifast sem félagsliðar hjá símenntunarmiðstöðvum en þeir hafa þurft að bæta við sig svokölluðu viðbótarnámi, sem kennt hefur verið hjá Borgarholtsskóla, ef hugur hefur staðið til áframhaldandi náms. Nám félagsliða hefur því verið sett saman úr nokkrum hlutum sem þarf að samræma.

Flestir þeir sem senda inn umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda fagna breytingunni og enginn aðili er á móti. Hins vegar gera 6 aðilar af 24 umsagnaraðilum ýmsar athugasemdir um skort á samráði, knappan tímaramma til framkvæmda og eru í óvissu um afdrif nemenda og áhrif á eigin rekstur. Hér er um að ræða símenntunarmiðstöðvar og Alþýðusamband Íslands (ASÍ). Spurningar þeirra eru um margt keimlíkar og varða nánari útfærslu á flæði milli símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla og gerð nýrrar námskrár m.t.t. stíganda, mat á hæfni og samfelli í námi. Þá virðast símenntunarmiðstöðvar einnig vera óvissar um hlutverk sitt við breytinguna.

Flokka má umsagnirnar í nokkra flokka eftir því hvort þær koma frá einstaklingum, fagfélögum, stéttarfélögum, skólum og fræðsluaðilum eða fulltrúum atvinnurekenda:

- 1) **Félagsliðar og aðrar fagstéttir.** 9 umsagnir koma frá félagsliðum og formönnum fagfélaga eins og félags íslenskra félagsliða og öðrum starfsgreinum s.s. frá iðjuþjálfara og hjúkrunarfræðingi. Allir þessir aðilar fagna breytingunni og telja hana tímabæra enda hafi málið verið lengi í vinnslu. „Mikilvægt er að efla sjálfstæði félagsliða í starfi. Félagsliðar vinna margir hverjir sjálfstætt og þá þarf félagsliðinn að geta tekið ákvörðun um ástand skjólstæðing hér og nú, hvað skal gera.“  
Formaður Iðjuþjálfafélags Íslands telur það „mikið framfaraskref að færa eigi nám félagsliða á hæfniprep 3 en bendir á mjög flóknar þarfir þjónustuþegans sem kalla á handleiðslu og stuðning við félagsliða í störfum sínum. „Því er brýnt að verkefni og þjónustan sé leidd af háskólamenntuðu fagfólki á heilbrigðis- og félagsviði.“
- 2) **Atvinnurekendur, stjórnendur og fræðslustjórar.** 4 umsagnir koma frá stjórnendum sem stýra starfi félagsliða s.s. í velferðarþjónustu, endurhæfingu í heimahúsum og öldrunarþjónustu. Þeir aðilar taka allir undir mikilvægi breytingarinnar og leggur t.a.m. verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg fram tillögu um ítarlegri útlistun á hæfnikröfum starfsins sem borgin fylgir. „Í heilbrigðu starfsumhverfi er góð samskiptafærni einnig stór áhrifaþáttur til að auka

upplýsingaflæðið og draga þannig úr óöryggi og óvissu í ýmsum aðstæðum í samskiptum við annað fagfólk, þjónustugega og aðstandendur þeirra. Það er því mikilvægt að þeir starfsmenn sem sinna þjónustu þeirra sem þurfa innan heilbrigðis-, félags- og menntasviðs hafi þá þekkingu sem starfið og starfsumhverfið krefst“.

- 3) **Stéttarfélag og heildarsamtök launþega á vinnumarkaði.** 5 umsagnir bárust frá stéttarfélögum og heildarsamtökum launþega á vinnumarkaði og voru 4 umsagnir mjög hlyntar tilfærslu námsins upp um eitt þrep en ASÍ setti þann fyrirvara við samþykki sitt að tryggja þyrfti aðkomu símenntunarmiðstöðva að námi félagsliða og raunfærnimati inn í námið, ásamt því „að gefa framhaldsfræðsluferfinu meira svigrúm til að aðlaga sig að þessum breytingum“. Þau fjögur heildarsamtök sem fagna breytingunni með ítarlegum rökstuðningi, eru BSRB (Bandalag starfsmanna ríkis og bæjar), Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu, Starfsgreinasamband Íslands og Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu. Alþýðusamband Íslands ítrekar mikilvægi félagsliðanámsins hjá símenntunarmiðstöðvum fyrir hóp fullorðinna á vinnumarkaði með stutta skólagöngu og hvetur til samstarfs „við undirbúning breytinganna og að almenn sátt náist um málið“.

Í umsögnunum bendir formaður Kjalar- stéttarfélags í almannaðjónustu á að konur séu í miklum meirihluta þeirra sem ljúka stuttu starfsnámi af 2. hæfniprepi en karlar í meirihluta þeirra sem ljúka iðnnámi á 3. hæfniprepi. Virðing til starfanna og laun endurspeglast í þessari framkvæmd og þrepaskiptingu. „Því ber að fagna því að félagsliðanám fari af öðru hæfniprepi á það þriðja“ /.../ „Innan framhaldsskólans verður til meiri fjölbreytileiki til að ljúka fagnámi á þriðja hæfniprepi sem veitir þeim sem ljúka námi meiri réttindi til að starfa sjálfstætt eða með öðrum í þverfaglegri vinnu.“ Formaður Kjalar ítrekar mikilvægi raunfærnimats og hvetur til flæðis nemenda frá framhaldsfræðslu til framhaldsskóla til að útskrifast sem félagsliðar af 3ja þrepi: „Efla þarf raunfærimat þeirra sem eru í starfi og meta má á móti námskrá félagsliða í framhaldsskóla. Í framhaldi af því verður til námskrá innan framhaldsfræðslunnar fyrir þann markhóp sem öðlast færni og styrk til að sækja lokapróf á þriðja hæfniprepi innan framhaldsskólakerfisins.“

- 4) **Símenntunarmiðstöðvar.** 4 símenntunarmiðstöðvar senda inn umsagnir ásamt stjórn Kvasir sem eru samtök símenntunarmiðstöðva um allt land, sem eru alls 11. Mesta gagnrýnin kemur frá þessum fræðsluaðilum en símenntunarmiðstöðvarnar hafa boðið upp á svokallaða félagsliðabréu og hingað til útskrifað félagsliða ásamt því að þróa raunfærnimat fyrir verðandi félagsliða með styrk frá Fræðslusjóði. Símenntunarmiðstöðvarnar setja sig ekki á móti tilfærslu námsins á 3. þrep en finnst margt vera óljóst í því ferli og aðkoma þeirra ekki skýr. Sumar miðstöðvar telja þörf á að tryggja með betri hætti hagsmuni fullorðinna sem tilheyra framhaldsfræðslu til að sækja námið á forsendum náms fullorðinna. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum segir hag og aðkomu erlendra starfsmanna til að útskrifast sem félagsliða ekki skýra og stjórn Kvasir veltir því upp hvort ákvörðunin um námskrábreytinguna sé íþyngjandi fyrir símenntunarmiðstöðvarnar.

Samantekt á ábendingum símenntunarmiðstöðva eru eftirfarandi:

- Tímaramminn sem símenntunarmiðstöðvar hafa til að aðlagast tilfærslu námsins og gerð nýrrar námskrá er of skammur. „Fræðslumiðstöðvar í framhaldsfræðslunni þurfa að fá raunhæfan og sanngjarnan undirbúningstíma til að aðlaga þjónustuna nýjum aðstæðum“.
- Óvissa ríki um aðkomu símenntunarmiðstöðva að námi félagsliða með tilkomu nýrrar námskrár og þá hvort Fræðslusjóður muni áfram styrkja félagsliðanám hjá símenntunarmiðstöðvum. Fræðsluaðilar „verða hugsanlega af tekjum, undirbúningur er unnin fyrir gíg og áætlanir í uppnámi.“
- Óvissa ríki um hvernig þeir nemendur sem þegar hafa hafið nám geti lokið náminu.

- Ekki er vitað hvort hægt verður að bjóða upp á félagliðanám haustið 2020 hjá þeim símenntunarmiðstöðvum sem hafa stefnt að því.
- Óvissa er um hvort hægt sé að bjóða upp á raunfærnimat inn í nám félagliða þar sem breyta þarf hæfniviðmiðum og gátlistum til samræmis við nýja námskrá.
- Aðgengi að félagliðanámi verður skert í heimabyggð og eykur á ójafnt aðgengi nemenda að námi eftir búsetu. Kvasir segir að breytingin feli í sér mismunun á milli höfuðborgar og landsbyggðar.
- Ekki er hugað að fullorðnum nemendum með annað móðurmál en íslensku sem eru stór hluti nemenda hjá símenntunarmiðstöðvum.
- Námsmenn símenntunarmiðstöðva vilja ekki alltaf fara í framhaldsskóla skv. reynslu Mímis.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti telur að haft hafi verið samráð við símenntunarmiðstöðvar og heildarsamtök þeirra við undirbúning málsins s.s. á fundum Menntamálastofnunar í nóvember og desember 2019. Þar fór fram umræða um mikilvægi málsins og skoðanir hagsmunaaðila. Símenntunarmiðstöðvar áttu fulltrúa á þessum fundum. Þá liggur líka fyrir að félagliðar hafa lengi óskað eftir breytingu á náminu og um leið frekari viðurkenningu á störfum sínum. Þá hefur starfsgreinaráð félags- og heilbrigðisgreina farið yfir málið og leggur til að námið verði fært af 2. þrepi á 3. þrep. Drög að námskrá um heildstætt nám félagliða er tilbúin því forsagan er löng og alltaf hefur verið gert ráð fyrir að símenntunarmiðstöðvar geti boðið upp á námið í samræmi við lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og með styrk úr Fræðslusjóði, eftir úthlutunarreglum þess sjóðs.

Námið þarf hins vegar að taka breytingum og samræma. Þannig er gert ráð fyrir að símenntunarmiðstöðvar geti kennt nám á 1. og 2. þrepi námskrárinnar, eins og verið hefur með aðferðum fullorðinsfræðslu, og útskrifað nemendur með bréf eða vottorð um grunnnám í félags- og heilbrigðisþjónustu, sem er metið inn í félagliðanám með námslokum á 3. þrepi. Eftir á að útfæra heitið á þessum námslokum á 2. þrepi en rætt hefur verið um að gefa út bréf sem gætu heitið; starfsbréf, fagbréf eða hæfnibréf og verið breiður grunnur að frekari sérhæfingu. Bréf að þessu tagi á sér fyrirmynd á Norðurlöndum og með því er tiltekin hæfni vottuð, sem greiðir leið nemenda í störf, þar sem atvinnurekendur vita hvaða hæfni býr að baki útgáfu bréfanna, eða í frekara nám.

Símenntunarmiðstöðvar útskrifa hins vegar ekki af 3. þrepi nema í samstarfi við framhaldsskóla sem ber þá ábyrgð á náminu. Regluverk um framhaldsskóla og framhaldsfræðslu heimila ekki símenntunarmiðstöðvum að útskrifa af 3. þrepi. Framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar starfa saman eins og önnur skólastig og fræðsluaðilar og finna þarf leiðir til að auka það samstarf. Þá er mat á hæfni inn í nám á milli kerfa mjög mikilvægt og unnið verður áfram að því að fyrra nám og reynsla nýtist. Símenntunarmiðstöðvar munu því leiða raunfærnimatsverkefni eins og verið hefur með styrk frá Fræðslusjóði.

Hvað varðar knappan tímaramma sem símenntunarmiðstöðvar segja vera á breytingunum þá tekur ráðuneytið undir það, en telur að verkefnið sé vel gerlegt þar sem drög að námskrá eru til og í vinnslu þar sem málið hefur verið lengi í undirbúningi. Gert er ráð fyrir að meginþungi breytinga á námskránni verði á efri þrepum en ekki á inngangsþrepum sem símenntunarmiðstöðvar kenna. Leitað hefur verið til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að endurskrifa starfstengdu námskrána í samstarfi við Borgarholtsskóla.

Gert er ráð fyrir að kennsla hefjist samkvæmt nýrri námskrá haustið 2020 en þeir sem stunduðu námið á vorönn 2020 eiga kost á að ljúka því skv. eldri námskrá. Nýnemar og þeir eldri nemar sem ekki voru í námi á vorönn 2020, hefja nám skv. nýrri námskrá. Með þessu fyrirkomulagi er komið til móts við þær forsendur sem eldri nemendur hafa gefið sér um námslok en um leið

verða þeir hvattir til að ljúka námi skv. nýrri námskrá sem gerir ráð fyrir aukinni hæfni í starfi. Náms- og starfsráðgjafar og annað fagfólk í framhaldsskólum hafa m.a. það hlutverk að meta áfanga inn í nám og einnig styrkir Fræðslusjóður starf náms- og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum. Innviðir til samtals við núverandi nemendur í félagsliðanámi vorið 2020 og mat á námi þeirra inn í nýtt nám félagsliða er því til staðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur ekki undir ábendingar símenntunarmiðstöðva um að breytingin á námskrá félagsliða auki á mismun landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hvað varðar aðgengi að starfsnámi. Hvað varðar aðgengi nemenda að námi í heimabyggð þá vill ráðuneyti benda á að unnið er að því að auka aðgengi að starfsnámi óháð búsetu meðal annars með auknu samstarfi fræðsluaðila, dreif- og fjarnámi og annarri þróun kennsluhátta. Ef nám er eingöngu staðbundið þá þurfa margir nemendur að fara um langan veg til að komast í símenntunarmiðstöð í sínum fjórðungi. Það gefur auga leið að nútímaupplýsingatækni styður við jafnara aðgengi að námi. Þannig bjóða símenntunarmiðstöðvar sameiginlega upp á stærri námsleiðir til að tryggja nægan fjölda þátttakenda eins og dæmi eru um með umrædda félagsliðabréu. Samstarf og nýjungar af þessu tagi eru nemendum til framdráttar og áherslur stjórnvalda eru bæði á að auka þátttöku í starfsnámi sem og að auka aðgengi að námi óháð búsetu og aldri. Á sama hátt er unnið að tungumálastuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku, bæði í framhaldsskólum og með styrkjum til 20 viðurkenndra fræðsluaðila um allt land, til að efla íslensku sem opinbert mál.

Hvað varðar umræðu símenntunarmiðstöðva um tap á tekjum vegna breytinga á námskránni þá vill ráðuneytið benda á að verkefnatekjur vegna framkvæmdar náms sem greitt er niður af Fræðslusjóði eru háðar skilyrðum og fjármagn er ekki fast í hendi fyrir er kröfur um lágmarksþátttöku og menntunarstöðu eru uppfyllt.

- 5) **Framhaldsskólar.** Einn framhaldsskóli sendir inn umsögn (Borgarholtsskóli) sem fagnar því að félagsliðanám sé skilgreint á 3. hæfniprep og telur það löngu tímabært. „Borgarholtsskóli hefur menntað ungt fólk til félagsliðastarfa sem tryggir ungliðun í starfsstéttinni en einnig lagt sig fram um að mæta þörfum fullorðinna námsmanna sem eru á vinnumarkaði. Í upphafi var um síðdegisnám meðfram vinnu að ræða fyrir fullorðna en fyrir nokkrum árum var því breytt í dreifnám fyrir fullorðið fólk m.a. til að mæta þörfum fólks um land allt. Námið fer fram á netinu og í staðbundnum lotum. Nemendur hittast vikulega í gegnum netið og hittast svo í raunheimum 3x á önn og þá eru oft búnar að myndast faglegar og félagslegar tengingar meðal hópsins. Kennslufræðilega er dreifnámið aðlagð að þörfum fullorðins fólks sem tekur námið samhliða vinnu. Kennarar skólans búa yfir mikilli reynslu og hæfni kennslufræðilega til að kenna nemendum á öllum aldri. Þegar skólinn tekur á móti fullorðnu fólki í námið er tekið mið af starfsreynslu og fyrra námi og það metið til eininga. Einnig hafa margir farið í gegnum raunfærni mat hjá símenntunarmiðstöðvunum og eru þær einingar metnar inn í námið. Megin áherslan í Borgarholtsskóla hefur snúist um að námið taka mið af þeirri hæfni sem félagsliðastarfið gerir til þeirra sem það velja og þá eru þarfir þjónustupega settar í fyrsta sæti.“

#### Niðurstaða:

Á grundvelli umsagna í samráðsgátt er lagt til að námslok félagsliða verið færð af 2. hæfniprepi á 3. þrep samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.